



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu
220 Hafnarfirði

Garðabæ 28. apríl 2020

Varðar: Lækkun heilbrigðiseftirlitsgjalda

Á fundi bæjarráðs 22. s.l. var lögð fram tillaga frá fulltrúa Viðreisnar um að heilbrigðiseftirlitsgjald verði lækkað á þá starfsemi sem gert hefur verið að loka vegna samkomubanns. Tillögunni var vísað til Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis 27.04.2020 var gerð eftirfarandi bókun:

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er fjármagnað með eftirlitsgjöldum í samræmi við lög um matvæli nr.93/1995 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir samkvæmt lögum nr.7/1998 og ákvæðum annarra laga um gjaldtöku s.s. lög um tóbaksvarnir og lög um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt lögum um heilbrigðiseftirlit greiða sveitarfélögin annan kostnað við eftirlitið.

Reglubundið eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum er áhættuflokkað og er tíðni eftirlits mismunandi eftir starfsemi þeirra. Þannig fá sum fyrirtæki eftirlit annað hvert ár á meðan önnur fyrirtæki fá eftirlit árlega. Ef ákveðið er að lækka heilbrigðiseftirlitsgjald í hlutfalli við fjölda daga sem starfseminni hefur verið gert að loka, þarf að taka tillit til þessa.

Heilbrigðisnefnd telur þessa leið að lækka heilbrigðiseftirlitsgjald til að styðja við atvinnurekstur sem gert var að loka starfsemi tímabundið, ekki skilvirka. Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.

Greinagerð:

Heilbrigðiseftirlitsgjöld voru með gjalddaga 1. mars s.l. og í samráði við fjármálastjóra sveitarfélaganna var ákveðið að veita þeim fyrirtækjum gjaldfrest til 1. júní sem fóru fram á slíkt. Í heildina voru það 7 fyrirtæki sem óskuðu eftir frestun á greiðslu heilbrigðiseftirlitsgjalda sem gert var að loka. Það er þó ljóst að áhrif Covid-19 á rekstur fyrirtækja er umtalsverður og ekki einskorðaður við fyrirtæki sem gert hefur verið að loka.

Fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins byggist á eftirlitsáætlun og áætluðum tekjum af henni og síðan af framlagi sveitarfélaganna. Lækkun heilbrigðiseftirlitsgjalda greiðist því einungis af sveitarfélögunum sjálfum, nema eftirlitinu verði gert að draga úr starfsemi sinni. Þá þyrfti að gæta jafnræðis milli sveitarfélaganna um aðgerðir þannig að framlag þeirra hækki í réttu hlutfalli við það tekjutap sem lækkunin veldur. Því er það skoðun heilbrigðisnefndar að stuðningur sveitarfélagsins í almennum aðgerðum sé skynsamlegri og auðveldari í framkvæmd en tengja hann við lokunartíma samkvæmt ákvæðum laga um sóttvarnir sem heilbrigðisráðherra hefur ákveðið. Þá hafa stjórnvöld kynnt ýmsar almennar aðgerðir til að koma á móts við fyrirtæki vegna samkomubanns.

Virðingarfyllst,

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri